

120. fundur dómara nefndar 5. október 2023 kl. 19:00 í Reykjanesbæ.

Mættir: Viktoría Gísladóttir, Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Sigurbór Sævarsson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Björn Valdimarsson, Sigurður Óli Guðmundsson, Lárus Lúðvík Hilmarsson.

Sérstakur gestur á fundinum var Hilmar Örn Jónasson.

Forföll: Bryndís Sigurðardóttir.

Fundarefni:

Næstu sundmót:

Arena mót Ægis í Laugardalslaug, 7. – 8. Október

Týr mót Blika í Kópavogslaug, 13. – 14. Október – **fellur niður**

Erlingsmót ÍFR í Laugardalslaug, 14. – 15. Október

Cubemót SH í Ásvallalaug, 20. – 21. október

Speedo mót ÍRB í Vatnaveröld, 4. – 5. Nóvember

ÍM 25 í Ásvallalaug, 10. – 12. Nóvember

Dómaranámskeið á haustönn:

Ásvallalaug í tenglum við Cube-mót SH, 18. Október – Ragnheiður Birna og Björn

Laugardalslaug í tengslum við Aðventumót Fjölnis, 22. Nóvember – Björn

Dómarar uppfærðir úr nema í almenna dómara: Auðólfur Þorsteinsson – Ármanni

Yfirdómarafundur: var haldin þann 3. Október kl. 18:30 í Pálsstofu, Laugardalslaug.

ABC flokkar SSÍ – Ræsing – Teip sundfólks – símanotkun á bakkanum – Dómarar á

Smáþjóðaleikunum 2023 á Möltu.

Sjá skýrslu hér neðar fylgiskjal #1

Erlend verkefni sem SSÍ er búin að senda umsóknir fyrir:

EM Garpa í 25m laug á Madeira, Portúgal 11. – 18. Nóvember 2023

Ragnheiður Birna Björnsdóttir og Viktoría Gísladóttir

EM 25 í Otopeni, Rúmeníu 5. – 10. Desember 2023

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir

HM 50 í Doha, Qatar þann 11. – 18. Febrúar 2024

Björn Valdimarsson

Olympíuleikar 2024 í París þann 26. Júlí – 11. Ágúst

Björn Valdimarsson

Það að íslenskir dómara og ræsar fái tækifæri til að starfa á mótum erlendis og afla þekkingu og reynslu til að miðla til dómara hér heima skiptir miklu máli til að viðhalda fagmennsku á sundmótum hér á Íslandi.

Sigurður Óli Guðmundsson hefur óskað eftir að hætta störfum í dómara nefnd og er þetta síðasti fundur sem hann situr með okkur. Dómara nefnd þakkar Sigurði Óla fyrir óeigingjarnt starf í þágu sundheimsins á liðnum árum.

Fundi slitið kl. 21:00

Fylgiskjal #1

Yfirdómarafundur SSÍ haldin þann 3. Október 2023 í Pálsstofu, Laugardalslaug.

Fundurinn hófst kl. 18:30 og lauk kl. 21:00

Á Íslandi eru 25 yfirdómari og 7 yfirdómaranemar á skrá. Mættir voru 19 manns í sal og 3 voru í teams fjarfundi.

Málefni sem var tekið fyrir:

ABC flokkun sundmóta - Ingibjörg Ýr Pálmadóttir fór yfir mismun A, B og C móta, hvernig er nauðsynlegt að auglýsa sundmót miðað við flokkunarstig móta, hvenær er um sýningamót eða lágmarkamót að ræða og hvenær er synt eftir sundreglum WA.

Ræsir og ræsing – Björn Valdimarsson tók fyrir hvernig ræsir á að bera sig að í ræsing. Tala skýrt, rólega og yfirvegað. Ræsir á að vera óútreiknanlegur þegar ræst er.

Símanotkun á bakka – Ragnheiður Birna Björnsdóttir ræddi um hvað það er óæskilegt að vera nota gsm síma á bakkanum. Dómari á alltaf að vera tilbúin að aðstoða næsta dómara þegar þess er þörf.

Smáþjóðaleikarnir á Möltu 2023 – Sarah Buckley og Tómas Gísli Guðjónsson sögðu okkur frá ferð þeirra og hvaða hlutverk þau sinntu á GSSE og upplifun þeirra á mótinu.

Erlend verkefni – Viktoría Gísladóttir kynnti fundargestum hvaða erlendu verkefni SSÍ er búin að senda umsóknir fyrir. Ræddi um hvað það er mikilvægt fyrir Íslenska dómara að komast í verkefni í útlöndum og koma heim með mikinn fróðleik og þekkingu og miðla áfram hér heima.

Við öll ofangreind erindi sköpuðust góðar og gagnlegar umræður og skipst var á skoðunum á málunum.

Boðið var uppá léttar veitingar í boði SSÍ og þakkar dómaranefnd kærlega fyrir okkur.

Fh. Dómaranefndar SSÍ

Viktoría Gísladóttir